

**Fundargerð 146. fundar stjórnar Fræðslusjóðs**  
**Þriðjudaginn 3. nóvember 2025 kl. 13:00-14:30.**  
**Fundurinn var fjarfundur.**

**Mætt:** Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Finnþogi Sveinbjörnsson, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Birna Baldursdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Margrét Sigurðardóttir.

**Gestur:** Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur FA

**Frá FA:** Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt

**2. Úthlutun 2026 – Lagt fram á fundi**

**Afgreiðsla:** Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2026 er áætlað framlag til Fræðslusjóðs 1.004.500.000.

Samþykkt að framlagið skiptist þannig milli úthlutunarflokka:

Kennsla vottaðra námsleiða: 660.000.000

Náms- og starfsráðgjöf: 169.400.000

Raunfærnimat: 135.100.000

Þróunarverkefni: 40.000.000

Samþykkt úthlutun til vottaðra námsleiða:

| Fræðsluaðili               | Samþykkt úthlutun<br>2026* |
|----------------------------|----------------------------|
| Mímír-símenntun            | 229,580,000                |
| Framvegis                  | 61,892,000                 |
| Starfsmennt                | 0                          |
| IÐAN                       | 0                          |
| Ráfmennt                   | 0                          |
| <b>Samt. höfuðb.svæðið</b> | <b>291,472,000</b>         |
| Símenntun Vesturlandi      | 29,532,000                 |
| Fræðslumst. Vestfj.        | 17,054,000                 |
| Farskólinn NV-landi        | 15,044,000                 |
| SÍMEY                      | 78,690,000                 |
| Þekkingarn. Þingeyinga     | 20,150,000                 |
| Austurbrú                  | 26,562,000                 |
| Fræðslunet Suðurlands      | 53,068,000                 |
| Viska Vestmannaeyjum       | 10,196,000                 |
| MSS                        | 117,148,000                |
| <b>Samt. landsbyggðin</b>  | <b>367,444,000</b>         |
| <b>Samtals allt</b>        | <b>658,916,000</b>         |

### Samþykkt úthlutun til náms- og starfsráðgjafar:

| Fræðsluaðili               | Sviðsmynd 6        |
|----------------------------|--------------------|
| Mímir-símenntun            | 32,054,000         |
| Framvegis                  | 10,408,000         |
| Starfsmennt                | 368,000            |
| IÐAN                       | 38,844,000         |
| Rafmennt                   | 1,748,000          |
| <b>Samt. höfuðb.svæðið</b> | <b>83,422,000</b>  |
| Símenntun Vesturlandi      | 11,178,000         |
| Fræðslumst. Vestfj.        | 6,290,000          |
| Farskólinn NV-landi        | 3,956,000          |
| SÍMEY                      | 10,992,000         |
| Þekkingarn. Þingeyinga     | 11,630,000         |
| Austurbrú                  | 6,200,000          |
| Fræðslunet Suðurlands      | 12,100,000         |
| Viska Vestmannaeyjum       | 3,662,000          |
| MSS                        | 18,408,000         |
| <b>Samt. landsbyggðin</b>  | <b>84,416,000</b>  |
| <b>Samtals allt</b>        | <b>167,838,000</b> |

### Samþykkt úthlutun til raunfærnimats:

| Fræðsluaðili               | Tillaga 2026       |
|----------------------------|--------------------|
| Mímir-símenntun            | 18,000,000         |
| Framvegis                  | 13,000,000         |
| Starfsmennt                | 0                  |
| IÐAN                       | 45,000,000         |
| Rafmennt                   | 7,500,000          |
| <b>Samt. höfuðb.svæðið</b> | <b>83,500,000</b>  |
| Símenntun Vesturlandi      | 6,600,000          |
| Fræðslumst. Vestfj.        | 5,500,000          |
| Farskólinn NV-landi        | 2,000,000          |
| SÍMEY                      | 9,500,000          |
| Þekkingarn. Þingeyinga     | 4,500,000          |
| Austurbrú                  | 5,000,000          |
| Fræðslunet Suðurlands      | 9,000,000          |
| Viska Vestmannaeyjum       | 4,500,000          |
| MSS                        | 5,000,000          |
| <b>Samt. landsbyggðin</b>  | <b>51,600,000</b>  |
| <b>Samtals allt</b>        | <b>135,100,000</b> |

Starfsmenn FA munu upplýsa fræðsluaðila um úthlutanirnar. Úthlutunin er með fyrirvara um endanlega niðurstöðu samþykktra fjárlaga, þegar þau liggja fyrir.

### 3. Heimild til að flytja milli flokka

**Afgreiðsla:** Samþykkt var að heimila fræðsluaðilum að flytja úthlutanir ársins 2026 milli úthlutunarflokka með sömu fyrirvörum og gilt hafa; þ.e. að einungis er heimilt að flytja 50% af úthlutun til hvers úthlutunarflokks; kennsla vottaðra námskráa, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats yfir í annan úthlutunarflokk. Heimildin gildir eingöngu fyrir árið 2026.

Áður en kemur að umræðum um endurskoðun heimildarinnar fyrir árið 2027 kanni FA meðal fræðsluaðila nauðsyn heimildarinnar fyrir fræðsluaðila og kalli

eftir hugmyndum um aðrar leiðir til að bregðast við sveiflum í eftirspurn eftir verkfærum framhaldsfræðslunnar.

#### **4. Erindi frá Mími-símenntun (fskj. 5a Mímir-Um viðurkenningu ISO9001 og EQM)**

Fram kom mikilvægi þess að gerðar séu sambærilega gæðakröfur til bæði framhaldsfræðslu og framhaldsskóla, hvort heldur um er að ræða kennslu, náms- og starfsráðgjöf eða raunfærnimat.

Hér er um að ræða stærra mál en snertir eingöngu Fræðslusjóð. FA falið að afla upplýsinga hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu, framhaldskólunum og fleiri hagaðilum varðandi samræmingu gæðakrafna.

#### **5. Uppbrot námskráa**

**Afgreiðsla:** Mikilvægt er að FA endurskoði og skýri reglur um uppbrot námskráa, forsendur uppbrots og afgreiðslu og upplýsi fræðsluaðila.

#### **6. Ráðgjöf innan framhaldsfræðslukerfisins - Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur FA**

Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur hjá FA fór yfir tölfræði framkvæmdar í náms- og starfráðgjöf árin 2022 – 2024. Kynningin er vistuð á svæði stjórnar.

#### **7. Önnur mál**

- a. Framkvæmdastjóri FA minnti á ársfund FA sem verður haldinn á Grand Hótel fimmtudaginn 11. nóvember næstkomandi. Fundinum verður einnig streymt á netinu. Voru stjórnarmenn hvattir til að mæta.

**Fundi slitið.**